

## **Reglur um styrkveitingar til afreksfólks í íþróttum**

Reglur um styrkveitingar til afreksfólks í íþróttum búsett í Rangárþingi ytra 18 ára og yngri.

Einstaklingar 18 ára og yngri sem búsett eru í Rangárþingi ytra geta sótt um styrk vegna æfinga- og keppnisferða erlendis. Styrkir þessir eiga við þegar viðkomandi ungmenni þarf sjálf að bera hluta eða allan kostnað vegna ferðarinnar.

Æfinga- og keppnisferðir með félagssliði og æfingaferðir með landsliði kr. 45.000.

Keppnisferðir með landsliði á opinber mót landsliða, s.s. riðlakeppnir og lokamót kr. 70.000.

Sveitarstjóri hefur heimild til að meta umsóknir og afgreiða styrki samkvæmt þessum reglum í samræmi við heimildir samþykkrar fjárhagsáætlunar. Styrkur verður aldrei greiddur nema með staðfestingu á þátttöku viðkomandi í ferðinni, s.s. með framlagningu farseðla og kostnaðarreikninga.

Samþykkt af heilsu-, íþróttá- og tómstundanevnd 04.04.2024

Samþykkt í sveitarstjórn 10.04.2024